San Marínó blés til fyrstu undankeppni landsins fyrir Eurovision, *1 in 360*, þar sem áhugasömum gafst færi á að senda inn videó í nokkurs konar evrópskri hæfileikakeppni á netinu. Dómnefnd valdi síðan átta keppendur úr 1.050 videóum. Þrír *svartir pétrar* voru síðan valdir sérstaklega; einn af Eurovision aðdáendaklúbbum, einn með (umdeildri) vinsældakosningu á netinu og einn af ríkissjónvarpinu í San Marínó. Eftir að hafa samið fullt af lögum í lagahöfundabúðum og tvo sjónvarpsþætti þar sem hver keppandi flutti tvö lög var komið að úrslitakeppninni í Bratislava, Slóvakíu. Þar var sigurvegarinn valinn af dómnefnd og netkosningu þar sem almenningur notaði hópfjármögnunarsíðu til að greiða lagi atkvæði sitt (einnig mjög umdeilt). Þær Jessika (frá Möltu) og Jenifer (frá Þýskalandi) stóðu uppi sem sigurvegarar. Jessika þessi hefur alloft tekið þátt í maltnesku undankeppninni fyrir Eurovision síðustu ár með misjöfnum árangri. Lagið *Who We Are* er m.a. eftir Zoë Straub sem keppti fyrir Austurríki 2016 með lagið *Loin d'Ici* og pabba hennar Christof Straub.



**Ólöf María Jónsdóttir**

Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta nokkuð fínt lag. Mér finnst Jessika flott og sterk söngkona en rappið hennar Jenifer er ekki alveg að ná mér. Ég er ekki viss um að þetta komist í úrslitin, textinn og lagið sjálft er ekki alveg nógu grípandi þó svo að söngurinn sé mjög flottur.

Bullied, from the moment we were born
We were always on our own
No one ever said we should be proud
And embrace the fact we're standing out
For too long
We just played along
Always putting up a show
But that was then
Look at us now,
All we want is for them to know...

Brú:
We are who we are
And who we are is who we wanna be
We don't have to listen
Cause all that counts is you and me

Viðlag:
And we'll be rising where we fall – oh-oh, oh-oh
In the middle of the storm we're standing tall, oh-oh, standing tall
And if they tell us why we're wrong – oh-oh, oh-oh
Then the love in our hearts will keep us strong, oh-oh, oh-oh

Rapp:
Uh, listen up, listen up
It's me, Jenny B.
What you get is what you see
And as for Jess over here, she's a special V.I.P
Yeah, so you better listen carefully
If they dissin you on Twitter
Don't get sad, don't be bitter
Don't give up and be a quitter
Show em you're better
Yeah, hell no
If I say so
Get in your car, rev it up and be a star
Cause we know exactly who we are
Give it to them, Jess…

(Brú)
(Viðlag)

Rapp:
And we'll be rising where we fall – oh-oh, oh-oh
Yeah, we keep getting up and dusting ourselves off
In the middle of the storm we're standing tall, oh-oh
We won't doubt ourselves and we'll be calling their bluff
standing tall, this is who we are
And if they tell us why we're wrong – oh-oh, oh-oh
And we'll keep marching onwards spreading the love
Then the love in our hearts will keep us strong, oh-oh, oh-oh

They can make us silent
But in our hearts we'll never be

(Viðlag)

Aj, da ja danem
I da zaštu sum te mila
A što ne gi dadne, eh
Na na na
Svet je naš i vreme prestaje da žuri
Kad si sa mnom ti
Svet je naš i s'osmehom se budim
Zato što postojiš ti

Sve je jasnije (Sve je jasnije)
Sunce sija drugačije (Drugačije)
Svet je naš i nova deca
S'nama stvaraju bolji svet

Aj, da ja danem
I da…
A što ne gi dadne, eh
(Bolji svet)

Svet je naš i vreme prestaje da žuri
Kad si sa mnom ti (Ah, ah)
Svet je naš i s'osmehom se budim
Zato što postojiš ti

Sve je jasnije (Sve je jasnije)
Sunce sija drugačije (Drugačije)
Svet je naš i nova deca
S'nama stvaraju bolji svet

Na na na na na na ne
Na na ne, na na, ah ah
Na na ne, na na ne
Na na ne, na na ne

Sve je jasnije (Sve je jasnije)
Sunce sija drugačije (Drugačije)
Svet je naš i nova deca
S'nama stvaraju bolji svet




**Titill:** **Nova Deca**
**Flytjandi:** **Sanja Ilić & Balkanika**
**Lag / texti:** **Aleksandar Sanja Ilić, Tatjana Karajanov Ilić / Danica Krstajić**

Serbum hefur gengið alveg ágætlega í keppninni, síðan þeir mættu í fyrsta sinn til leiks sem sjálfstæð þjóð árið 2007 og hafa sigrað einu sinni og verið oftar en ekki í topp tíu. Hann Sanja Ilić er þekktur tónlistarmaður í heimalandinu og hefur verið í bransanum meira en hálfa öld. Hann stofnaði electro/þjóðlagagrúppuna *Balkanika* upp úr seinustu aldamótum og lagið hans *Nova Deca* átti forkeppnina *Beovizija* 2018 frá fyrstu mínútu. Sanja og *Balkanika* fengu samtals 14.698 stig en lagið sem varð í öðru sæti fékk aðeins 5.959 stig. Rúst í Serbíu. Auk Sanja er *Balkanika* m.a skipuð söngkonunum Danicu Krstajić, Nevenu Stamenković, söngvaranum Mladen Lucić, flautuleikaranum Ljubomir Dimtrijević og trommaranum Milan Jejina, og þetta eru bara þau sem standa á sviðinu. Etnískt elektrópopp með dassi af balkanballöðu er það í ár frá Serbíu.

**Peter Hansen**



Serbia has chosen to return to its ethnic traditions this year with *Nova Deca*. It mixes both Balkan singing traditions, Serbian instruments as well as a more contemporary beat. It may not win in May, but if you like Balkan styled music then you will like this one as well.



# SLÓVENÍA

**Titll:** **Hvala, ne!**
**Flytjandi:** **Lea Sirk**
**Lag / texti:** **Lea Sirk, Tomy DeClerque / Lea Sirk**

Átta lög tóku þátt í slóvensku undankeppninni, *EMA*, að þessu sinni. Hin 28 ára gamla Lea Sirk var að taka þátt í keppninni í fjórða skipti og var efst hjá fimm af sex dómnefndum en alþjóðleg dómnefnd og símakosning settu hana í þriðja sæti. Titil lagsins mætti þýða sem *Sama og þegið*, því Lea vill að fólk horfi gagnrýnum augum á heiminn og taki hluti ekki fyrirvaralaust góða og gilda. Lea hóf tónlistarnám fimm ára og lærði á þverflautu. Hún hefur spilað með hinum og þessum sinfóníuhljómsveitum og er með MA-gráðu í tónlistarflutningi. Árið 2005 var hún valin efnilegasti ungi söngvarinn í alþjóðlegri tónlistarkeppni í Köln. Hún er ekki alveg ókunn Eurovision, því hún var bakraddasöngvari árin 2014 og 2016. Slóvenar hafa hæst náð 7. sæti í keppninni og oftar setið eftir með sárt ennið heldur en að komast í úrslit.



**Alma Tryggvadóttir**

Lea er algjör töffari og sviðsetningin flott en lagið er nei, takk fyrir mig!

Moje ime je Lea in za vas imam nov lik
Lik nasmeha in svobode kot najbolj virtualen trik
En korak do zmage
En korak do luči
Do popolnosti
Borim se z nasmehom do sonca, borim se za ljudi
Pot do resnice, me zaslepi
Ljubezen, tista prva, pride, da preslepi
Jaz pa si vzamem, kar telo osvobodi

Brú:
Ne verjemi v vse, kar ponujeno ti je
Misli na glas in upaj
Da skrivnost je v tem, ne prodajaj se vsem
To je najbolj passé

Viðlag:
Hvala, ne, ne!
Hvala, ne
Hvala, ne, ne
Hvala, hvala, ne

Milijon ljudi je že reklo, da nas preveč živi
Tistih, ki so nesrečni in brez luči
En nasmeh za srečo
En nasmeh za ljudi
Za tiste, polne skrbi
Svoje duše ne dam nikomur, držim jo za se
Prava umetnost, brez-brez cene
Vsak odgovor je v meni, najdem ga, kadar zaspim
Ko telo je sproščeno, predano za vse

(Brú x2)

(Viðlag)

Kot lutka za ljudi
Ki se skrivajo za maskami
Enaki, popolni, a nezadovoljni
Hvala, ne, ne, ne!
Ne verjemi v vse, kar ponujeno ti je
Misli na glas in upaj
Da skrivnost je v tem, ne prodajaj se vsem
To je najbolj passé

(Viðlag)

Hvala, ne, ne!

Nunca llegué a imaginar
Que viajar a la luna sería real
Lo pones todo al revés
Cuando besas mi frente y
descubro por qué
Ya no puedo Inventarlo

Siento que bailo por primera
vez
Eres el arte que endulza la piel
De mi mente viajera que sigue
tus pies
Siento que bailo por primera
vez junto a ti

Sé que en ti puedo encontrar
Esa voz que me abriga si el
tiempo va mal
Todo es perfecto si estás
A mi lado creando una nueva
ciudad

Siento que bailo por primera
vez
Eres el arte que endulza la piel
De mi mente viajera que sigue
tus pies
Siento que bailo por primera
vez

Ya no puedo inventarlo
Solo quiero
Tu canción

Siento que bailo por primera
vez
Eres el arte que endulza la piel
De mi mente viajera que sigue
tus pies
Siento que bailo por primera
vez junto a ti



## SPÁNN

**Titill:** **Tu Canción**
**Flytjandi:** **Amaia og Alfred**
**Lag og texti:** **Raul Gomez Garcia, Sylvia Ruth Santoro Lopez**

Alfred Garcia og Amaia Romero unnu *Operación Triunfo Eurovision Gala* með afgerandi hætti með laginu *Tu Canción* en áhorf á keppnina var mun meira en verið hefur undanfarin ár. Þetta er hæfileikakeppni með útsláttarfyrirkomulagi í anda *Fame Academy* og *The Voice*. Keppendur voru m.a. þjálfaðir í söng, raddbeitingu, framkomu og dansi í æfingabúðum og eftir því sem leið á keppnina varð ljóst að það neistaði á milli þeirra. Þau segjast sjálf hafa fallið fyrir hvoru öðru þegar þau sungu saman lagið *City of Stars* úr kvikmyndinni *La la land*. Hinn 21 árs gamli Alfred söng mjög fjölbreytt lög í keppninni og spilaði einnig á básúnu. Hin 19 ára gamla Amaia var feimin í byrjun en óx ásmegin eftir því sem leið á keppnina. Spánverjum hefur ekki gengið sem best í keppninni undanfarin ár og hafa oft gælt við eða vermt botnsætið, en þeir eiga fast sæti í úrslitum sem hluti af hinum fimm stóru þjóðum í keppninni.



**Sigrún B. Sæmundsdóttir**

Hef alltaf haft smá taugar til Spánar, og lagið þeirra í ár er ekki alslæmt. Ef ég á að vera heiðaleg þá var ég ekki sérstaklega hrifin við fyrstu hlustun af þessari ballöðu, en hún vinnur á, sérstaklega eftir að ég sá live flutning þeirra Amaia og Alfred. Vildi samt óska að ég skildi spænsku svo ég vissi almennilega um hvað *Tu Canción* fjallaði sem turtildúfurnar Amaia og Alfred syngja svo fallegar til hvors annars.



# SVARTFJALLALAND

**Titill:** **Inje**
**Flytjandi:** **Vanja Radovanović**
**Lag og texti:** **Vladimir Radovanovic**

Fimm lög tóku þátt í undankeppninni *Montevizija* 2018 og var sigurvegarinn ákvarðaður með símakosningu. Hinn 35 ára gamli Vanja Radovanović var eini karlkyns keppandinn og lenti í þriðja sæti, með 18% atkvæða í fyrri umferð kosningarinnar en lagið *Dusu Mi Daj* fékk 40% atkvæða. Það dugði Vanja þó til að komast í svokallaðan *súperfínal* þriggja laga, en í honum höfðu lögin *Inje* og *Dusu Mi Daj* sætaskipti. Vanja sendi frá sér eina mest seldu plötu í Svartfjallalandi árið 2008. Hann hefur síðan sent frá sér fjölda laga, samið fyrir aðra og verið aðalsöngvari hljómsveitarinnar *VIII2*. Í fyrra sendi hann síðan frá sér sína aðra plötu. Svartfjallaland hefur tekið þátt í Eurovision níu sinnum en aðeins tvisvar komist í úrslit, árin 2014 og 2015.



**Lars Wallström**

Eurovision is nothing without a healthy doze of Balkan ballads. This is very solid and will probably be very powerful live. Being both the composer and the performer, Vanja might very well be our new Zeljko.

Palo inje po nama
Ledi krv u žilama
Pa ti srce steglo baš
Te brzo zaboravljaš

Drhti ljubav kao prut
U sred ljeta zamrznut,
Drhtim i ja, drhtim vas
Od kada mi nema nas

Džaba jorgan tijelo grije
Promaja kroz dušu bije

Bogu dane otimam
Gubim i kad dobijam,
Al' kad niko ne vidi
Pustim srce da mu svratiš ti

Živim tek po navici
Kao rob u samici,
Al' kad niko ne čuje
Pustim srce da se raduje

Ja i život, pas i mačka
Srce najskuplja mu igračka

Bogu dane otimam
Gubim i kad dobijam,
Al' kad niko ne vidi
Pustim srce da mu svratiš ti

Živim tek po navici
Kao rob u samici,
Al' kad niko ne čuje
Pustim srce da se raduje

Palo inje

Wild joker on the golden throne
Blood diamond summer home
Wrong people with the right to know
But I can't do anything about it

All saying that life's hard
But we don't want it in our backyard
We should be further from the start
But I can't do anything about it

We so afraid, we fire away,
What's a life worth?!
We so afraid, repeat the mistake,
Just to come first!

Viðlag:
We're the liars in the face of facts
A different weapon but the same attack
No I ain't throwing stones, no I ain't throwing stones!
Every lesson lost in the past
Pardon me but I don't wanna go back
No I ain't throwing stones, no I ain't throwing stones!

Think the boogieman 'll get me
Think different is the enemy
It's been this way for centuries
And I can't do anything about it

Can't wait to light the cannon ball
Can't face the mirror says it all
Sins of the fathers make us fall
And I can't do anything about it

We're so afraid, we fire away,
Just to come first!

(Viðlag)
Oh because I know I ain't standing alone

No, I ain't standing alone,
No, I ain't standing alone, oh yeah yeah
I ain't the only one who don't wanna throw stones!

(Viðlag)

We're the liars in the face of facts
A different weapon but the same attack
No I ain't throwing stones, no I ain't throwing stones!



## SVISS

**Titill:** **Stones**
**Flytjandi:** **ZiBBZ**
**Lag / texti:** **Laurell Barker, Corinne Gfeller, Stefan Gfeller / Laurell Barker, Corinne Gfeller**

Sex lög tóku þátt í svissnesku undankeppninni. Systkinin Corinne, 32 ára og Stefan,30 ára, skipa dúettinn *ZiBBZ*, sem fékk flest stig dómnefnda og símakosningar. Coco og Stee, eins og þau eru eru kölluð, sömdu lagið ásamt hinni kanadísku Laurell Barker. Hún samdi lag í bresku undankeppninni í fyrra og samdi lög í þremur mismunandi undankeppnum í ár; lagið *Arrows* í Litháen og meðhöfundur laganna *All the Feels*, sem Renaida söng í *Melodifestivalen*, og *Legends*, sem Asanda söng í þeirri bresku. Hún var einnig meðhöfundur lagsins *Compass*, sem lenti í öðru sæti í svissnesku undankeppninni. Coco er leikkona og lék í farandsýningum af *We Will Rock You* og *Art on Ice*. Við tólf ára aldur hafði Stee nokkrum sinnum unnið svissneska keppni í trommuleik. Þau hafa tekið upp fimm þáttaraðir af eigin raunveruleikasjónvarpsþætti og unnið með listamönnum á borð við LP, Fergie, Brian May, Drew Cole og Donnu Summer.

**Unnur Borgþórsdóttir**



Líkt og seinustu ár senda Svisslendingar frá sér lag sem er hvorki geggjað né hræðilegt, einungis óspennandi og óeftirminnilegt. Lagið kemst aldrei almennilega á flug og þessar 3 mínútur virðast heil eilífð af þvottavélamínútum. Á sviði er ekki mikið að gerast hjá þeim, þó trommarinn sveifli sér vissulega mikið, og verði atriðið óbreytt í Portúgal munu þau líklega ekki komast upp úr undankeppninni.



## SVÍÞJÓÐ

**Titill:** **Dance You Off**
**Flytjandi:** **Benjamin Ingrosso**
**Lag og texti:** **MAG, Louis Schoorl, K Nita, Benjamin Ingrosso**

Þetta er í annað skiptið sem hinn tvítugi Benjamin tekur þátt í Melodifestivalen en hann komst í úrslit í fyrra með laginu *Good Lovin* og lenti í 5. sæti. Benjamin komst beint inn í úrslitakeppni Melló í ár og stóð uppi sem óumdeildur sigurvegari því hann vann bæði dómnefndarkosninguna og símakosninguna. Benjamin er margt til lista lagt en hann vann *Lilla Melodifestivalen* 2006 og sigraði dansraunveruleikaþáttinn *Let's Dance* árið 2014. Benjamin er sonur söng- og leikkonunnar Pernillu Wahlgren sem hefur margoft tekið þátt í *Melodifestivalen* en er eflaust þekktust sem flytjandi *Piccadilly Circus* sem lenti í 4. sæti 1985. Þess má geta að Benjamin tekur þátt í sjónvarpsþáttum mömmu sinnar sem heita *Wahlgrens Värld*. *Dance You Off* er eitursvalt danspopp í anda Michael Jackson og ekki er laust við að Benjamin njóti andargiftar þaðan í danssporunum sem hann tekur í risastóra LED ljósa-bekknum. Svíar eru ein sigursælasta þjóðin í Eurovision og nú er spurning hvort þeim tekst að halda sig í toppsætunum.

**Rut Þorsteinsdóttir**



Ágætis og nútímalegt lag.
Gæti lent ofarlega.

I see that look in your eyes but I ain't feeling no pressure
Feels like I'm stuck here in time while I've been trying to forget ya

Viðlag:
Just wanna da da dance you off
So, don't you da da dare wait up
Cause I just wanna feel the mood
Girl, with anyone but you
And I might now yeah, I might now

Just trying to have myself a time
So, I just don't care if you mind
Cause I just wanna feel the mood
Girl, with anyone but you
And I might now, yeah, I might now

Treating you good, we were gold
I dug you like you were treasure
So, don't act like I'm the cruel one when I know you know better

And I, oh I used to think that you were worth the best in life
Cause I loved it, I loved it
Feels like I'm stuck here in time while I've been trying to forget ya

(Viðlag)

I'm just gonna dance you off the floor
(I used to think that you were worth my every night)

(Viðlag)

Oh oh she a good girl at home but
Her skirt goes up like Marilyn Monroe's
Papa likes the drama mama hotter then lava
She rocking high heels Prada her face like Madonna
By the way she moved got me making a puddle
Baby I already knew you would be nothing but a trouble
Damn it everybody knows she never loved for real
Honey bunny up all night wannabe couplegoals queen

Brú
I know you 'bop-whop-a-lu bop' on his wood bamboo
When you were still seeing me and well he didn't even knew hmm
But God damn it come and count to three now sit down GGY
I'm on fire

Viðlag:
Come and lie to me
Lie to me oh baby come a little closer
Lie to me
Lie to me oh baby lean upon my shoulder
Lie to me
Get down on my body and love me like it was always meant to be
Now you love somebody new I always knew
So come and give it to me

When the beat dropped she dropped, dropped it like it's hot
And now without a second thought she got me doing what I'm not
Then it got heavy Mom I'm feeling home already
But steady plenty these greedies wanna eat my spaghetti
Then she got one of my friends
She got him dripping on wood
I know it hurt so bad but it feels so good
Quit sweet talking me now baby I don't give a damn
You should've thought about me back when I was your man

(Brú)

(Viðlag)

You know I like it
When you lie lie lie
You look so good
When you lie lie lie
Set my camel in the mood
When you lie
When you lie

(Viðlag)



## TÉKKLAND

**Titill:** Lie To Me
**Flytjandi:** Mikolas Josef
**Lag og texti:** Mikolas Josef

Tékkar taka þátt í Eurovision í sjöunda sinn frá 2007. Þeir hafa ekki notið mikillar velgengni, aðeins einu sinni komist áfram í lokakeppnina þegar Gabriela Gunčíková lenti í 25. sæti af 26 þátttakendum. Það olli því engum sérstökum taugatitringi meðal Eurovision-aðdáenda þegar Mikolas Josef var valinn keppandi fyrir hönd Tékklands með lag sitt *Lie To Me*. Aðallega virtist það vera textinn sem vakti athygli fyrir tilvísanir í kynlíf og óheflað orðbragð. En síðan gerðist það að Mikolas flutti lag sitt í undankeppni Eurovision í Úkraínu, hafði snyrt textann til og hreinlega sjarmeraði alla sem á horfðu upp úr skónum. Skyndilega ruku Tékkar upp lista veðbankanna og jafnvel nú, eftir að öll lög hafa verið valin er Tékkland enn meðal þeirra landa sem talin eru hvað sigurstranglegust. Það skyldi þó ekki vera að annað árið í röð sigri nýtt land Eurovision?



**Hildur Tryggvadóttir Flóvenz**

Mér til furðu er ég að fíla Tékkland! Alla jafna er ég lítið fyrir þessa tegund af poppi en *Lie To Me* nær mér alveg í stuð og svo ekki sé talað um þetta trompet sóló! Mikolas er líka bara svo töff á sviðinu að þetta verður klárlega stuðbomba sem fer beint í úrslitin!



# UNGVERJALAND

**Titill:** **Viszlát Nyár**

**Flytjandi:** **AWS**

**Lag/Texti:** **Bence Brucker, Dániel Kökényes, Áron Veress, Soma Schiszler / Örs Siklósi**

Átta lög tóku þátt í úrslitum ungversku undankeppninnar *A Dal*. Dómnefnd ákvað hvaða fjögur lög kæmust áfram í aðra umferð. Sigurlagið *Viszlát nyár* var svo valið með kosningu í gegnum SMS, app og á vefnum. Bence Brucker, Dániel Kökényes, Örs Siklósi and Áron Veress stofnuðu þungarokkshljómsveitina *AWS* í Búdapest árið 2006 þegar þeir voru á unglingsárunum og Soma Schiszler gekk síðar til liðs við þá. Þeir hafa spilað um allt Ungverjaland og utan landsins, gefið út þrjár breiðskífur og fjöldann allan af myndböndum og eru gríðarlega vinsælir í heimalandinu. Þeir eru stoltir af því að tilheyra þeirri stefnu sem er á móti því að ýta undir frægð og persónudýrkun. Síðan árið 2011 hafa Ungverjar alltaf komist í undankeppnina og lentu í áttunda sæti í fyrra.

**Kristján Eldjárn Sveinsson**



Ég hef oft verið mjög ánægður með lögin frá Ungverjalandi en lagið í ár nær engan veginn til mín enda er ég meira fyrir popp og ballöður heldur en rokk. Ungverjaland hefur komist áfram upp úr undanúrslitunum síðustu 7 skipti en ég vona að lagið í ár komist ekki áfram af því ég nenni ekki að hlusta á það tvisvar í sömu viku. Þetta er mitt pissupásulag í ár en höfðar örugglega til marga. Spurning hvort það séu nógu margir hrifnir til að þetta komist áfram það kemur í ljós 10.maí.

Játsszunk nyílt lapokkal végre

a hajómnak mennie kell

és itt fog hagyni téged

Majd benned él tovább a vérem

és ha nem adod el, a szíveden
a jel
mi a földről az égig emel

Viszlát, nyár, most már elkéstél
mert azt hazudtad, enyém leszel
de nem jöttél

Viszlát, álom, köszönöm, hogy
eltűntél
Most már ideje visszakapnom
amiket elvettél

Megfáradt ereimben az élet
tudom, hogy fognál még
de engedj el már, kérlek.

I

tt van, tépd le belőlem a részed
és ha nem adod el, a szíveden
a jel

mi a földről az égig emel

Curtains down, I'm laughing at
the trial
Help me to unravel
Tangle of my innocence inside
Faith's bout to be severed
(Oh oh oh oh)
Won't get any better
(Oh oh oh oh)
Walk under the ladder
Shout out just one reason what's
this for

You can see that whatever the
weather
That the wind's always there,
always fair
(Oh oh oh)
And it has always been now or
never
The decision has got to be
made
(Oh oh oh)

(Oh oh oh oh oh oh oh oh oh,
yeah)
(Oh oh oh oh oh oh oh oh oh,
yeah)

Desperate thoughts, your hope
calls you a liar
Fear begins to revel
Nothing but your will sets you
on fire
Fire lasts forever
(Oh oh oh oh)
Can't get any better
(Oh oh oh oh)
Dance under the ladder
If you dare, so what you're
waiting for

(Viðlag x3)

(Oh oh oh oh oh oh oh oh oh,
yeah)
(Oh oh oh oh oh oh oh oh oh,
yeah)



## ÚKRAÍNA

**Titill:** **Under The Ladder**
**Flytjandi:** **MELOVIN**
**Lag / texti:** **MELOVIN / Mike Ryals**

Kostyantyn Bocharov, betur þekktur undir nafninu Mélovin, er gríðarlega vinsæll tónlistarmaður í Úkraínu. Hann kom fyrst fram í sviðsljósið árið 2015 þegar hann vann *X-Faktor* í Úkraínu aðeins 18 ára gamall. Eftir það reyndi hann að komast í Eurovision í 2017 en þrátt fyrir að vinna símakosninguna með yfirburðum var dómnefndin ekki jafnhrifin, sem þýddi að *O Torvald* var framlag Úkraínu 2017. Mélovin ákvað að reyna aftur í ár, með enn betra lag og aftur vann hann símakosninguna með yfirburðum og í þetta sinn hlaut hann náð fyrir augum dómnefndar. Mélovin er auðþekktur af hvítri augnlinsu í hægra auga og svörtu flaksandi hárinu sem virðist hafa brætt hjörtu unglingsstúlkna umvörpum enda tjá þær honum ást og ótakmarkalausa aðdáun sína á hinum ýmsu samfélagsmiðlum. Það ætti því ekki að koma á óvart ef Melóvin skorar vel í símakosningunni í vor. Hvort það sé nóg verður að koma í ljós í maí.



**Katla Ásgeirsdóttir**

Mélovin er flottur ungur söngvari með frábæra sviðsframkomu og mikla orku í flutningnum. Eldur og píanó kombó hefur svo sem áður sést á Eurovision sviðinu en þetta er virkilega flott framlag frá Úkraínu sem læðist alveg inn á mitt topp 10.



# ÞÝSKALAND

**Titill:** **You Let Me Walk Alone**
**Flytjandi:** **Michael Schulte**
**Lag og texti:** **Michael Schulte, Thomas Stengaard, Katharina Müller, Nisse Ingwersen**

Michael Schulte er samfélagsmiðlastjarna Eurovision 2018. Hann hóf feril sinn á *YouTube* árið 2008 þar sem hann flutti ábreiður af vinsælum lögum sem landaði honum á endanum samningi hjá *Weinstein Media*. Hann keppti í *The Voice of Germany* árið 2011 og hafnaði í þriðja sæti. Í þýsku undankeppninni sigraði Michael með yfirgnæfandi yfirburðum en hann fékk alslemmu eða 12 stig frá símakosningunni og bæði alþjóðlegu og innlendu dómnefndunum. Lagið *You Let Me Walk Alone* er tregafull minning um föður Michaels sem lést fyrir 13 árum. Textinn fjallar um hvað lífið getur tekið óvænta stefnu og minnir okkur á að nýta tímann sem við eigum saman til hins ítrasta. Í undankeppninni birtust myndir af fólki og feðrum þeirra sem hreyfði við áhorfendum. Þýskaland er sú þjóð sem hefur oftast tekið þátt í Eurovision en eina skiptið sem Þjóðverjar hafa ekki verið með í úrslitunum var árið 1996 þegar þeir komust ekki upp úr undankeppninni. Þjóðverjar hafa tvisvar unnið Eurovision, árin 1982 og 2010. Mun Michael Schulte bæta þriðja sigrinum við í ár?

Er mjög hrifin af þessu lagi, hlusta á það aftur og aftur og það límist mjög auðveldlega við heilann. Svo þegar ég horfi á videóið þá tek ég ekki augun af fallega krullaða hárinu hans og get ekki hætt að hugsa um hvað mig lagi mikið að renna fingrum mínum í gegnum það, veit bilun en það er svo gott að vera pínu bilaður. Lagið æði, áfram Þýskaland, áfram Ísland... Sjáumst í Portúgal!



**Inga Sigurbjörg Árnadóttir**

I'm a dreamer
A make-believer
I was told that you were, too
I love the silence
And a clear horizon
And I got it all from you

Viðlag:
Every now and then I'm drawn to places
Where I hear your voice or see your face and
Every little thought will lead me right back to you
I was born
From one love of two hearts
We were three kids and a loving mum
You made this place a home
A shelter from the storm
You said I had
One life and a true heart
I tried my best and I came so far
But you will never know
Cause you let me walk this road alone

My childhood-hero
Will always be you
And no one else comes close
I thought you'd lead me
when life's misleading
That's when I miss you most

(Viðlag)

uoooohhhh uoooohhhh uoooohhhh
I was born
From one love of two hearts
We were three kids and a loving mum
You made this place a home
A shelter from the storm
You said I had
One life and a true heart
I tried my best and I came so far
But you will never know
Cause you let me walk this road alone

# EUROVISION
# Í EINUM GRÆNUM




1011

REYKJAVÍK

**Austurstræti 17**
**Bankastræti 11**
**Barónsstígur**
**Birkimelur 1**
**Borgartún 26**
**Bústaðavegur 20**
**Grímsbær**
**Grjótháls 8**
**Hjarðarhagi 47**
**Kleppsvegur**
**Laugalækur 9**
**Laugavegur 116**
**Laugavegur 180**
**Lágmúli 7**
**Miklabraut 100**
**Suðurfell 4**

HAFNARFJÖRÐUR

**Reykjavíkurv. 58**

KÓPAVOGUR

**Dalvegur 20**
**Hagasmári 9**

REYKJANESBÆR

**Fitjar**
**Keflavíkurflugv.**

GARÐABÆR

**Litlatún**

AKRANES

**Skagabraut 43**

# Samdi fyrsta lagið 16 ára í ástarsorg


Mynd: Ástríður Margrét Eymundsdóttir

**Hver er Þórunn Erna Clausen?**
Erfiðasta spurning í heimi. Ég er farin að svara í dag: ég er listamaður. Lifi í rauninni fyrir allt sem tengist því, ég er leikkona, söngkona, laga- og textahöfundur, leikstjóri, söngkennari, útvarpskona og svo auðvitað það mikilvægasta kannski þá er ég mamma líka.

**Hvað fær þig til að setjast niður og semja lög?**
Þetta er mín leið til að koma mínum tilfinningum og stemningu frá mér. Ég sest við píanóið, kveiki á upptöku og byrja að spila. Ég hugsa ekki á meðan, ég heyri fyrir mér í höfðinu rétt á undan hvert lagið er að fara, eða spila bara. Líður oft eins og ég sé alls ekkert að stjórna þessu, það má því nánast segja að þetta sé einhvern veginn líkaminn minn að tjá sig. Útrás, spuni. Oft er ég líka bara stödd einhvers staðar og lag byrjar að hljóma í kollinum á mér, þá er ég fljót að grípa símann minn og taka upp það sem er að koma. Þegar ég sem texta hins vegar hugsa ég mun meira. Þá reyni ég að finna söguna sem lagið er að segja mér, hvaða tilfinningu lagið gæti átt að túlka og sögurnar koma þannig. Ég reyni að hlusta og finna kjarnann í því. Stundum eru þær sárar og stundum fullar af von og gleði, það fer alveg eftir aðstæðum, en ég reyni að láta lagið sjálft „segja mér“ hvaða sögu það á að innihalda.

**Hvenær byrjaðir þú að semja lög?**
Ég samdi fyrsta lagið mitt í ástarsorg 16 ára, að sjálfsögðu. Síðan þá settist ég alltaf reglulega niður og spilaði frá hjartanu en tók ekki neitt upp, það var þá tónlist sem hvarf bara jafnóðum. Texta hef ég hinsvegar verið að semja lengi og m.a. þýtt marga söngleiki. Ég fór ekki að semja lög fyrir alvöru fyrr en eftir að ég missti manninn minn hann Sigurjón Brink árið 2011. Eftir Eurovision-ævintýrið okkar það ár með Vinum Sjonna og tilfinningarússíbanann, sem lífið var þá, var eins og þetta byrjaði að brjótast upp á yfirborðið, að ég fengi útrás fyrir sáru tilfinningarnar í gegnum tónlistina og söngtexta.

**Hvers vegna Söngvakeppnin og Eurovision?**
Eurovision sameinar öll listformin sem ég elska að vinna að í raun; tónlist, söng, túlkun og leikstjórn. Sjonni var alltaf að biðja mig um að semja fyrir sig texta við lög sem hann samdi og þá sérstaklega ef þau áttu að vera á íslensku en það kom ekki að því að ég gerði það fyrr en seint um kvöld daginn sem fresturinn fyrir keppnina 2011 rann út. Eftir það hef ég reynt að koma eins miklu frá mér og ég mögulega get. Eurovision er ótrúlega skemmtilegt fyrirbæri, það er allt leyfilegt þar. Það eru í raun allar týpur af tónlist í þessari keppni og það er það sem gerir þetta skemmtilegt. Og það að kynnast öllu þessu hæfileikaríka tónlistarfólki frá mismunandi löndum er algjörlega ómetanlegt. Sambönd og ævilangur vinskapur sem verður til við þetta. Að hafa möguleika líka til að koma tónlistinni sinni á framfæri fyrir mörg hundruð milljón manns er algjörlega ómetanlegt og gríðarlegt tækifæri fyrir bæði lagahöfunda og söngvara.

**Eitthvað sem þú vilt bæta við?**
Þetta ferli er búið að vera ótrúlegt á svo margan hátt. Ari er þvílík dásemd að vinna með og svo mikið hæfileikabúnt og fagmaður fram í fingurgóma sem og hópurinn allur. Það er einstakt að setja saman hóp sem er svona laus við drama og vesen og mig langar bara að segja hvað ég er þakklát fyrir þetta ferli og allan stuðninginn sem við höfum fengið. Takk fyrir allt, elsku FÁSES. Hlökkum innilega til að stíga á sviðið í Lissabon 8. maí.

# Stigatafla FÁSES 2018

Hver er bestur í fjölskyldunni eða vinahópnum að spá fyrir um gengi laga í Eurovision? Hakaðu við þau lönd sem þú heldur að komist áfram og láttu vini eða fjölskyldu líka taka þátt. Þú færð 1 stig fyrir hvert land sem kemst áfram.

## Fyrri undankeppni 8. maí

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| Aserbaídsjan | | | | |
| Ísland | | | | |
| Albanía | | | | |
| Belgía | | | | |
| Tékkland | | | | |
| Litháen | | | | |
| Ísrael | | | | |
| Hvíta-Rússland | | | | |
| Eistland | | | | |
| Búlgaría | | | | |
| Makedonía | | | | |
| Króatía | | | | |
| Austurríki | | | | |
| Grikkland | | | | |
| Finnland | | | | |
| Armenía | | | | |
| Sviss | | | | |
| Írland | | | | |
| Kýpur | | | | |
| Samtals rétt: | | | | |

## Seinni undankeppni 10. maí

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| Noregur | | | | |
| Rúmenía | | | | |
| Serbía | | | | |
| San Marínó | | | | |
| Danmörk | | | | |
| Rússland | | | | |
| Moldóva | | | | |
| Holland | | | | |
| Ástralía | | | | |
| Georgía | | | | |
| Pólland | | | | |
| Malta | | | | |
| Ungverjaland | | | | |
| Lettland | | | | |
| Svíþjóð | | | | |
| Svartfjallaland | | | | |
| Slóvenía | | | | |
| Úkraína | | | | |
| Samtals rétt: | | | | |

**Leikmenn:**

A: 

C: 

B: 

D: 

# Stigagjöf í úrslitakeppni

Fylltu inn nöfn landanna í listanum þegar keppnisröð er komin á hreint. Skrifaðu svo í hvaða sæti þú heldur að hvert land lendi. Eitt stig fæst fyrir hvert rétt sæti og eitt stig fæst fyrir hvert land sem þú spáir í topp 10 og endar í topp 10 í úrslitakeppninni.

**Úrslit 12. maí**

| | | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | |
| 2. | | | | | |
| 3. | | | | | |
| 4. | | | | | |
| 5. | | | | | |
| 6. | | | | | |
| 7. | | | | | |
| 8. | | | | | |
| 9. | | | | | |
| 10. | | | | | |
| 11. | | | | | |
| 12. | | | | | |
| 13. | | | | | |

| | | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|---|
| 14. | | | | | |
| 15. | | | | | |
| 16. | | | | | |
| 17. | | | | | |
| 18. | | | | | |
| 19. | | | | | |
| 20. | | | | | |
| 21. | | | | | |
| 22. | | | | | |
| 23. | | | | | |
| 24. | | | | | |
| 25. | | | | | |
| 26. | | | | | |

## Heildarstig leikmanna

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi stiga úr fyrri forkeppni** .................................................. | | | | |
| **Fjöldi stiga úr seinni forkeppni** ................................................ | | | | |
| **Fjöldi stiga fyrir rétt sæti í úrslitakeppni** ...................................... | | | | |
| **Fjöldi stiga fyrir lönd í topp 10 í úrslitakeppni** ................................ | | | | |
| | | | | |

# GÓÐA FERÐ!



Penninn

Eymundsson

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

# Júrólandið, besta land í heimi!

*Sunna Mímisdóttir skrifar:*

Í FÁSES má finna rjómann af íslensku þjóðfélagi, atvinnu-Eurovision-aðdáendur! Við þekkjum gleðina, spennuna og tilhlökkunina sem fylgir því að setja jólaskrautið ofan í kassa og starta skemmtilegasta tíma ársins, „júró-sísoninu". Það er ákveðinn sjarmi yfir því að leggja það á sig að horfa á undankeppnir á ýmsum tungumálum sem maður skilur ekkert í. Á tímum þegar línuleg sjónvarpsdagskrá er deyjandi fyrirbæri er þetta enn merkilegra.

Það allra besta við að vera atvinnu-Eurovision-aðdáandi er þegar manni hlotnast sú gæfa að fá að upplifa sjálft Júrólandið. Júrólandið er fyrirbæri sem öllum einstaklingum er hollt að upplifa. Júrólandið er fordómalausa landið. Júrólandið er útópía. Í Júrólandinu eru allir brosandi alltaf og öllum er tekið eins og þeir eru. Þú fyllist þvílíkri hamingju við þetta að þú tekur mynd af OGAE skírteininu þínu og setur inn á Facebook. Vinnufélagi þinn gerir athugasemd við myndina og spyr hvort OGAE standi fyrir „Official Groupie At Eurovision". Þú svarar af innlifun og jafnvel á innsoginu: „JÁ!"

Í Júrólandinu gætirðu byrjað að spjalla við einhvern bláókunnugan einstakling í lestinni á leið í höllina um framlög Íslands á 10. áratugnum. Tveimur sólarhringum síðar gæti þessi einstaklingur svo gripið í þig á skemmtistað og dregið þig út á dansgólfið af því að það er verið að spila 13 ára gamalt lag frá landinu hans. Svo hittirðu einn af dönsku flytjendunum og ákveður að syngja danska lagið fyrir hann. Það fer ekki betur en svo að þú ferð rangt með textann, Daninn missir hökuna niður á bringu og þú liggur í götunni í hláturskasti.



*Take my hand and never LOOK BACK...*

Það er margt um að vera í Júrólandinu og þú gætir mögulega lent í því að vera kippt í útvarpsviðtal eftir að hafa hitt keppanda í skipulögðu „Hitt og heilsað". Þegar útvarpsmaðurinn spyr hvernig þér finnist Frans vera þá svararðu í alsælu: „France? Oh, it's my favorite!". Það er ekki fyrr en viðtalinu er lokið sem vinkona þín bendir þér á að útvarpsmaðurinn hafi verið að spyrja um Frans frá Svíþjóð en ekki Frakkland. Þessu fylgir svo heiftarlegt hláturskast að þú þarft ekki að gera planka í ræktinni það sem eftir lifir árs.



*Frans eða France?*

Eitt af því skemmtilegasta sem maður getur gert í Júrólandinu er að vera í biðröð á klósettið. Því lengri sem biðröðin er, því betra. Þá er meiri tími til að spjalla við fólkið í röðinni. Maltverski homminn fyrir framan þig er svo æstur í að komast að því hvaða lag er uppáhalds íslenska lagið þitt að hann brestur í söng og tekur epískt recap af öllum framlögum Íslands - á óaðfinnanlegri íslensku að sjálfsögðu. Þegar hann áttar sig á því að klósettið er laust þá hleypir hann fram fyrir sig í röðinni svo hann geti klárað recappið.

Eftir klósettferðina snýrðu aftur á dansgólfið þar sem þú kynnist manni sem elskar Ísland svo mikið að hann hefur lagt það á sig að læra íslensku! Hann segist vera að skipuleggja að koma til Íslands á Hinsegin daga. Þessu er að sjálfsögðu fylgt eftir með því að þið farið saman á Kiki's á Hinsegin dögum og þú verður vitni að því þegar hann kynnist íslenskum strák sem reynist vera stóra ástin í lífi hans. Þú færð örlítið ryk í augað og brosir.

Í stuttu máli má segja að í Júrólandinu getirðu átt von á hverju sem er hvenær sem er. Og það mikilvægasta, allir ELSKA að þú elskir Eurovision.


FRAM &
TIL BAKA
Á SUNNUDÖGUM FRÁ KL. 9 - 12
RÁS 2